

L Ö G

58

6. júní

um breyting á lögum nr. 41 29. apríl 1946, um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þegar svo stendur á, að eigandi að skipi, sem veðsett er stofnlánadeildinni, hefur þörf fyrir og á kost á láni til þess að standast kostnað við endurbætur á skipinu, þá er stjórn stofnlánadeildarinnar heimilt að veita leyfi til þess, að veðsetja megi skipið með fyrsta veðrétti fyrir slíku láni, er nemi allt að $\frac{2}{3}$ virðingarverðs endurbótanna og kaupverðs aflvélar, ef um vélaskipti er að ræða. Víkur þá hið fyrra stofnlán stofnlánadeildarinnar fyrir þessu nýja láni, enda liggi einnig fyrir samþykki ábyrgðarmanna og síðari veðhafa, ef einhverjir eru, fyrir því, að veðin færist þannig aftur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 121 20. des. 1951, um breyting á lögum nr. 41 29. apríl 1946, um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands.

Gjört í Reykjavík, 6. júní 1957.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Lúðvík Jósepsson.

L Ö G

59

6. júní

um breyting á lögum nr. 77 27. júní 1921. um hlutafélög.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við orðin „samanlagðra atkvæða í félaginu“ í 2. málsg. 31. gr. laganna bætist: nema eigendur hlutabréfanna séu ríkið eða ríkisstofnanir, sveitarfélög, stofnanir þeirra eða samvinnufélög.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 6. júní 1957.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Lúðvík Jósepsson.